



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Simafundur 9. janúar 2012 kl. 10.00

Á fundinn eru mætt: Davíð, Íva, Anna, Gunnar, Sigrún Kapítóla, Ásbjörn og Sigurdís sem ritaði fundargerð.

Framvinduáskýrsla október – desember 2011.

Davíð lagði fram framvinduáskýrslu fyrir mánuðina október – desember 2011. Mjög ítarleg og góð skýrsla.

Helstu verkefni framundan

- Davíð sagði frá Fam ferðum sem hann ætlar að halda áfram að vera með. Mikil ánægja hjá öllum sem hafa farið í ferðir. Hafa þetta áfram sem dagsferðir og skiptast á að heimsækja svæðin.
- Ætlar áfram að vinna í því að athuga með workshop erlendis sem flugfélögin og Íslandsstofa halda á erlendum mörkuðum.
- Sýning í ráðhúsinu í Reykjavík. Framundan er að setja saman vinnuhópa til að vinna að uppsetningu sýningarinnar sem haldin verður um miðjan mars í Reykjavík. Gefa öllum kost á að vera með, fyrstir koma fyrstir fá. Hafa sitthvort verðið eftir því hvort að fyrirtækin eru í MSS eða ekki.
- Vinna við landshlutabæklinginn er farin af stað, María er að fara í leyfi miðjan maí og er því farin að vinna hann. Hún vann hann með Davíð síðast og því nauðsynlegt að hún verði búin með sem mest þegar að hún fer í frí svo að ekki þurfi að setja annan í málið. Eftir að hún er farin á að vera einfalt að setja inn leiðréttingar.
- Ímyndarbæklingur, vinna þarf nýjan ímyndarbækling 2012 til þess að dreifa erlendis, mjög dýrt að senda bókina út. Bæklingurinn verður unnin með svipuðu móti og sá fyrri. Fallegar myndir ásamt þjónustulista.
- Matarsamfélag Suðurlands. Davíð ætlar að hvetja þá aðila eins og framleiðendum matvæla að taka þátt í sýningunni sem haldin verður í Ráðhúsinu. Það gæti vakið áhuga hjá þeim að gerast þátttakendur í Markaðstofunni.

Önnur mál

Íva kom inná að Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga hafa gert samning við strætó varðandi samgöngur á Suðurlandi. Gerir athugasemd varðandi áætlun í Skaftárhreppi austur að Höfn. Ferðirnar sé fáar og ekki gert ráð fyrir að ferðamaðurinn geti nýtt sér ferðir fram og til baka um svæðið. Stjórn Mss ætlar að kynna sér málið betur.

